




Þjónustuvæði um málefni fatlaðs fólks
Hafnarfjarðarkaupstaður
Rannveig Einarsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	5/8 2015
Málsnr:	1508030
Bréfal:	032.1

Sölvhólsögðu 7 150 Reykjavík
Sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 15. júlí 2015

Tilv.: IRR14100248/21.19.1

Á meðfylgjandi yfirliti er þriðja áætlun um almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2015. Eins og við útreikning annarrar áætlunar framlaganna er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna sé 10.700 m.kr. Endanleg framlög ársins 2014 námu rúmum 10.180 m.kr. og nemur því hækkun áætlaðra framlaga á árinu 2015 5,1%. Við áætlanagerðina er tekið mið af ákvæðum reglugerðar nr. 631/2015.

Áætluð útgjaldaþörf þjónustuvæða/sveitarfélaga nemur samtals 13.414 m.kr. á árinu 2015. Þar af nemur áætlun útsvarstekna vegna 0,25% hlutdeildar þjónustuvæða/sveitarfélaga í útsvarstofni vegna þjónustu við fatlað fólk 2.714 m.kr. á árinu 2015. Mismunur áætlaðrar útgjaldaþarfar og áætlaðra útsvarstekna eru áætluð almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 og nema þau samtals 10.700 m.kr. Þá fer fram leiðrétting á framlögum ársins 2013 á grundvelli endanlegs álagningarstofns útsvars vegna ársins 2013.

Helstu breytingar frá annarri áætlun framlaganna frá því í febrúar eru eftirfarandi:

- Tekið hefur verið tillit til lögheimilisbreytinga og einstaklinga sem hafa látist.
- Jafnframt hefur verið tekið tillit til niðurstaðna á endurmötum á árinu 2014 á stuðningsþörf þeirra einstaklinga sem metnir voru SIS mati árin 2010 og 2011.


Við greiningar á niðurstöðum endurmats á þeim einstaklingum sem voru í fyrsta matshópnum árin 2010 og 2011 komu í ljós tilvik þar sem óútskýrðar breytingar höfðu orðið á stuðningsþörf viðkomandi einstaklinga á tímabilinu 2010 til 2014. Í þeim tilvikum voru endurmötin sem framkvæmd voru á árinu 2014 endurtekin. Tekið er tillit til þeirrar framkvæmdar í þriðju áætlun framlaga ársins 2015.

Jafnframt hefur endanlegt framlag ársins 2014 verið leiðrétt að teknu tilliti til framkvæmdar á nýju mati þar sem óútskýrðar breytingar urðu á niðurstöðu endurmatsins.

Samkvæmt endurútreikningi framlaga ársins 2014 vegna þjónustu við fatlað fólk nam ofgreiðsla til sveitarfélagsins/þjónustuvæðisins á árinu 2014 40.574.000 kr. Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 22. júní sl. var samþykkt að koma sérstaklega til móts við þau sveitarfélög/þjónustuvæði þar sem um ofgreiðslu framlaga var að ræða með því að fella niður helming ofgreiðslunnar. Eftirstöðvar verða innheimtar af almennum framlögum vegna þjónustu við fatlað fólk á næstu mánuðum að höfðu samráði við þjónustuvæðið. Beðist er velvirðingar á mistökum þessum.

Fyrir hönd ráðherra


Elín Pálsdóttir


Guðni Geir Einarsson

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Yfirlit yfir 3. áætlun almennra framlaga vegna málefna fátíðs fólks árið 2015

	Reiknuð útgjaldaþörf sveitarfélaga			Reiknuð útgjaldaþörf			Skipting framlaga til sveitarfélaga			Leiðrétting og áætlun greiðsla		
	Jöfnun á grunnstöðningsþarfar	Hlutfall	Framlög á grundveilli eíðins útsværs	Hlutfall	Útgjaldaþörf 2015 samtals	Hlutfall framlaga 2013	Áætlaðar útsværestekjur 2015	Hlutfall	Framlög að frádrægnun útsværestekjum	Hlutfall framlaga úr jöfnunarsjóði	Leiðréttingar vegna ársins 2013	Áætlaðar greiðslur ársins 2015
Þjónustusvæði	1.207.134	11,2%	157.329	5,9%	1.364.463	10,7%	159.175	5,9%	1.205.288	11,26%	8.697	1.213.985
Akureyri og nágrenni	339.879	3,2%	87.469	3,3%	427.347	3,2%	88.495	3,3%	338.852	3,17%	1.959	340.811
Austurland	299.621	2,8%	140.440	5,2%	440.061	3,3%	142.088	5,2%	297.973	2,78%	802	298.775
Garðabær og Álftanes	954.494	8,9%	224.938	8,4%	1.179.432	8,8%	227.578	8,4%	951.854	8,90%	5.809	957.663
Hafnarfjörður	127.344	1,2%	17.521	0,7%	144.864	1,1%	17.726	0,7%	127.138	1,19%	692	127.830
Hornafjörður	548.150	5,1%	282.910	10,5%	831.060	6,2%	286.230	10,5%	544.829	5,09%	1.726	546.555
Kópavogur	678.705	6,3%	76.081	2,8%	754.786	5,6%	76.974	2,8%	677.812	6,33%	6.395	684.207
Mosfellsbær og Kjós	416.411	3,9%	85.505	3,2%	501.916	3,7%	86.508	3,2%	415.407	3,88%	3.227	418.634
Norðurland vestra	140.692	1,3%	35.697	1,3%	176.388	1,3%	36.116	1,3%	140.273	1,31%	1.053	141.326
Norðurland og nágrenni	4.128.665	38,5%	1.060.912	39,5%	5.189.576	38,7%	1.073.363	39,5%	4.116.213	38,47%	28.422	4.144.635
Reykjavík og Seiljarnarnes	803.028	7,5%	143.414	5,3%	946.442	7,1%	145.097	5,3%	801.345	7,49%	6.303	807.648
Suðurland	411.098	3,83%	158.645	5,9%	569.743	4,2%	160.507	5,9%	409.236	3,62%	1.130	410.366
Suðurnes	228.532	2,1%	53.713	2,0%	282.245	2,1%	54.343	2,0%	227.902	2,13%	2.290	230.192
Vestfirðir	105.070	1,0%	38.703	1,4%	143.773	1,1%	39.157	1,4%	104.616	0,98%	563	105.179
Vestmannaeyjar	342.666	3,2%	119.597	4,5%	462.263	3,4%	121.001	4,5%	341.263	3,19%	932	342.194
Vesturland	10.731.488	100%	2.682.872	100%	13.414.359	100%	2.714.359	100%	10.700.000	100%	70.000	10.770.000